

Skipulagsstofnun  
Egill Þórarinnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 28. maí 2018  
UST201805-061/R.K.  
08.12.00

### **Efni: Tillaga að matsáætlun – 2.500 tonna Laxeldi við Laxabraut – Þorlákshöfn. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 2. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun Laxar fiskeldis ehf. til framleiðslu á 2.500 tonnum af laxi og laxaseiðum við Laxabraut í Þorlákshöfn í sveitafélaginu Ölfusi.

#### **Framkvæmdarlýsing og skipulag**

Ráðgert er að auka framleiðslu á laxi og laxaseiðum um 2.000 tonn upp í alls 2.500 tonn. Mun lífmassi í stöðunni aldrei fara yfir 2.500 tonn (bls. 10). Eldisstöðin stendur á lóð I-3 (landnúmer 224573) skv. aðalskipulagi Ölfuss og er skilgreint sem iðnaðarsvæði skammt frá Þorlákshöfn neðan Suðurstrandarvegur. Þá kemur fram í greinargerð að samþykkt deiliskipulag, sem gerir ráð fyrir starfsemi rekstraraðila við Laxabraut 9, liggur fyrir. Eldisrými stöðvarinnar nú er 19.500 m<sup>3</sup> en eftir fyrirhugaða stækkun verður heildareldisrými 32.400 m<sup>3</sup> með alls 12 eldiskerjum. Auk þess verður byggð 3.000 m<sup>2</sup> starfsmannaálma og varaafstöð. Lóðin er alls tæpir 29.000 m<sup>2</sup> að stærð.

Laxar fiskeldi ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) stundar sjókvíaeldi í Reyðarfirði auk þess að reka eldisstöð á Bakka og tvær seiðaeldisstöðvar í Ölfusi, að Fiskalóni og á Þorlákshöfn. Við Laxabraut hyggst rekstraraðili framleiða laxaseiði til áframeldis í Reyðarfirði auk þess að ala lax til slátrunar skv. greinargerð tillögu að matsáætlun.

Mannvirki framkvæmdarinnar skv. greinargerð eru eldisker, fóðursíló, súrefnistankar, sjávarvatnsker, starfsmannaálma, varaafstöð og borholur. Helstu umhverfisáhrif eru frárennsli sem fyrirhugað er að veita til sjávar, sammögnunaráhrif við núverandi starfsemi, fuglalíf og jarðmyndanir.

Umhverfisstofnun telur að eftirfarandi upplýsingar þurfi að liggja fyrir í frummatsskýrslu.

- **Samlegðaráhrif**

Nákvæm lýsing á annarri starfsemi á svæðinu sem nýtir landið og losar frárennsli í sjó sunnan Þorlákshafnar. Þá þarf að fjalla ítarlega um samlegðaráhrif framleiðsluaukningar við annað eldi á svæðinu auk upplýsinga

um önnur áform um framleiðsluaukningu og hvar slíkar áætlanir eru í matsferli.

Í greinargerð kemur fram að til stendur að ala bæði matfisk til slátrunar og laxaseiði sem svo verða flutt til áframeldis í Reyðarfirði. Önnur starfsemi á svæðinu eru á vegum Íspórs ehf., 600 tonna seiðaeldi í 1,1 km fjarlægð og Náttúra fiskirækt ehf., 1.200 tonna bleikjurækt og sláturhús í 300 m fjarlægð frá Laxabraut 9 (bls. 16). Umhverfisstofnun minnir á fjarlægðarmörk sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 105/2000, um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fiskisjúkdómum og löndun laxastofna, sem segir að vegalengd milli sjókvía-, strandeldis- og hafbeitarstöðva innbyrðis skal ekki vera minni en 2 km og sækja þarf því um undanþágu frá þeim fjarlægðarmörkum. Íspór ehf. fyrirhugar stækkun upp í 1.200 tonna eldi og hefur félagið Tálkni ehf. áform um 5.000 tonn laxfiska á svæðinu en mun þeirra frárennsli vera hreinsað að mestu skv. greinargerð. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað verði um hvar ofangreind áform um stækkun og nýja starfsemi eru m.t.t. skipulagsstiga og matsferla áformanna.

- **Flutningur, slátrun og smithætta**

Nánari umfjöllun um flutning, slátrun og sótthreinsun eldisbúnaðar.

Fram kemur í greinargerð að seiði verða flutt til stöðvarinnar á sérútbúnum seiðaflutningsbílum og frá stöðinni annars vegar til áfameldis með brunnbátum og hins vegar til slátrunar: „*annað hvort með brunnbát eða með bílum sem eru sérstaklega útbúnir til að flytja lifandi fisk*“ (bls. 11). Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um flutning matfisks til slátrunar þurfi að vera nákvæmari í frummatsskýrslu en minnir á að málefni fiskisjúkdóma heyrir undir Matvælastofnun hvað varðar leyfisveitingu. Í greinargerð er gert ráð fyrir 8 tonna afföllum dauðfisks við framleiðsluaukningu (bls. 12) og því 10 tonn við heildarlífmassa 2.500 tonn. Að mati stofnunarinnar er æskilegt að við umfjöllun um magn úrgangs og afföll frá eldi í frummatsskýrslu sé alltaf miðað við heildarlífmassa (og þar með hámarks losun) en ekki aðeins framleiðsluaukninguna. Umhverfisstofnun bendir á að þjónustu-samningur við urðunarstað, fyrir urðun á dauðfiski, á að liggja fyrir útgáfu nýs starfsleyfis rekstraraðila.

- **Fóðurgjöf og frárennsli**

Ítarleg umfjöllun um fráveitu frá eldinu, samlegðaráhrifum við aðra starfsemi sem losar á sama svæði, auk upplýsinga um umhverfi og áhrif frárennslis á lífríki sjávar og fjöru. Sýna mætti niðurstöður úr vöktunarkerfi Fishtalk, ef það er nýtt við núverandi eldi, í frummatsskýrslu að mati stofnunarinnar.

Fram kemur í greinargerð að fóðurtap við tölvustýrða fóðurgjöf er 1% og að gert sé ráð fyrir fóðurstuðlinum 1,3 á hvert framleitt kíló en líklegt að hann verði lægri (bls. 12) svo heildarfóðrun verður um 3.250 tonn á ári (bls 14). Umhverfisstofnun telur áform rekstraraðila um nákvæma skráningu í gegnum Fishtalk kerfið vera jákvæða.

Stofnunin telur að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram ítarleg umfjöllun um efnasamsetningu og það magn næringarefna, í uppleystu og föstu formi, sem kemur til með að losna frá eldisstöð með fráveitu út í viðtaka. Þá ber að fjalla um áhrif þess frárennslis á lífríki í og í nágrenni við viðtakann með dreifingarlíkönum. Þá telur Umhverfisstofnun mikilvægt að í frummatsskýrslu verði fjallað um stöðu lífríkis í viðtaka við núverandi starfsemi þar sem áhrif fráveitu frá eldi gætir hvað mest og þau áhrif sem framleiðsluaukning mun hafa á það lífríki. Lýsing á umhverfi og vistkerfi fjöru og

grunnsævis á því svæði þar sem fráveita er losuð í sjóinn er mikilvæg að mati stofnunarinnar.

Fram kemur að öllu frárennsli verður veitt beint frá kerum til sjávar og að klóak verður sett í rotþró (bls. 14). Lýsa þarf nánar þeim síunarbúnaði sem áformað er að nýta við að safna saman úrgangi og dauðfiski og hvað sé gert við þann úrgang.

Umhverfisstofnun minnir á að við stækkun eldisins þarf heilbrigðisnefnd að meta hvort frárennsli stöðvarinnar sé fullnægjandi sbr. 7. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

- **Grunnvatn**

Nákvæm umfjöllun um magn vatns sem þarf að nýta við 2.500 tonna eldi og stöðu vatnsbóla þaðan sem ferskvatn er fengið.

Nýta þarf bæði ferskvatn og saltvatn við eldisstarfsemina líkt og kemur fram í greinargerð (bls. 12). Út frá núverandi ferskvatnsnotkun 533 l/s við 500 tonna eldi (bls. 12) má gera ráði fyrir umtalsverðu magni af ferskvatni við 2.500 tonna eldi við samskonar vatnsnýtingu. Hins vegar er stefnt að því að minnka frárennsli frá stöðinni með endurnýtingarbúnaði vatns sem dregur úr vatnsnotkun um allt að 66%, 0,1 l/mín fyrir hvert kíló í stað 0,3 l/mín, sem gera þörf fyrir 250 l/s af ferskvatni (bls. 13). Alls verður vatnstaka 3.613 l/s skv. greinargerð sem er 18% aukning frá núverandi nýtingu. Endurnýting vatns telur Umhverfisstofnun vera jákvæða og þarf umfjöllun um hana að vera greinargóð í frummatsskýrslu. Þá telur stofnunin að fjalla þyrfti um niðurstöður athugana á tilraunaborholu á norðurhluta lóðarinnar og fjölda borhola sem þarf fyrir ferskvatnstöku vegna eldis auk áætlana um hvert skal sækja ferskvatn ef ekki fæst nægt ferskvatn frá svæðinu.

- **Jarðmyndanir**

Umfjöllun um áhrif framkvæmdar á nútímahraun sem nýtur sérstakrar verndar m.t.t. núverandi landnotkunar.

Í greinargerð er vitnað í deiliskipulag svæðisins er segir: „Svæðið er staðsett á nútímahrauni sem rann fyrir um 6.000 árum og er yfirborð þess fremur slétt og óspurngið“ (bls. 17). Jarðmyndanir líkt og nútímahraun njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (bls. 18) sem eldhraun sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma. Hraunið nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndar-lögum en rask á slíkum jarðmyndunum ber ávalt að forðast eftir fremsta megni. Framkvæmdin er ekki í nálægð við önnur verndarsvæði (bls. 18).

- **Landslag, ásýnd og efnistaka**

Uppbygging mannvirkja verður í samræmi við deiliskipulag til að lágmarka sjónræn áhrif vegna starfseminnar skv. greinargerð (bls. 15). Ennfremur er mikilvægt að í frummatsskýrslu sé fjallað um alla efnistöku sem fylgir framleiðsluaukningu og möguleg áhrif hennar á umhverfið.

- **Gróðurfar og fuglar**

Umfjöllun um áhrif framleiðsluaukningar á búsvæði og varp fugla á nýjasta útgefna valista Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ), auk umfjöllunar um ríkjandi vistgerðir á svæðinu sem verða fyrir raski og verndargildi þeirra.

Í greinargerð kemur fram að á sumarlagi má finna 25-30 tegundir fugla innan svæðisins en á milli 15-20 á vetrarlagi (bls. 18). Vitnað er í aðalskipulag Ölfuss þar sem segir: „*Strjálíngur af skúmi verpir á Hafnarsandi ásamt tugum svartbaka og mun svartbaksvarpið vera það eina á sunnanverðum Reykjanesskaga [...] Slæðingur af lunda verpir vestan Þorlákshafnar og eru oft hópar á sjónum þar fyrir utan*“ (bls. 17). Umfjöllun frummatsskýrslu um fuglalíf svæðisins þarf að vera skýr að mati Umhverfisstofnunar m.t.t. nýjasta válista NÍ. Þá vekur stofnunin athygli á því að til stendur að gefa út nýjan 2017 válista íslenskra fugla á næstu misserum.

Í greinargerð kemur fram að gróðurfar svæðis er aðallega bersvæðisgróður og mólendi og að ekki sé vitað til þess að þar finnist plöntur á válista (bls. 16).

- **Vöktun**

Ítarleg umfjöllun um þann vöktunarbúnað sem komið verður fyrir og þær mælingar sem framkvæmdar verða til að vakta umhverfisáhrif, t.a.m. frárennsli frá eldisstöð og grunnvatnsstöðu.

Í greinargerð kemur fram að: „*sett verður upp fullkomið vöktunarkerfi fyrir alla öryggisþætti stöðvarinnar svo sem fódurstýringu, súrefnisstýringu og vatnsstýringu fyrir heitt og kalt vatn*“ (bls. 10). Mun losun frárennslisvatns, dælur, síur og loftunarbúnaður vera vaktað auk þess sem komið verður fyrir vararafstöð. Fjalla þarf betur um hverslags vöktunarkerfi er um að ræða.

- **Valkostir**

Mikilvægt er að í frummatsskýrslu sé gerð grein fyrir valkostum varðandi fyrirhugaða framkvæmd.

### **Niðurstaða**


Með vísun til þess sem að framan segir um samlegðaráhrif, fjarlægðarmörk, slátrun, sótthreinsunar búnað, fódugiöf, fráveitu til sjávar, lífríki í viðtaka, stöðu grunnvatns, fugla, vöktun og aðra valkosti, telur Umhverfisstofnun mikilvægt að ofangreind atriði liggi fyrir með skýrum hætti í frummatsskýrslu framkvæmdar.

Beðist er velvirðingar hve dregist hefur að svara þessu erindi.



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Steinar Rafn B. Baldursson  
Sérfræðingur